

Nr. 15/1996.

Miðvikudaginn 18. desember 1996.

**Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags
Norðlendinga**

(Björn L. Bergsson hdl.)

gegn

**Landssambandi íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands vegna
Sæbergs hf.**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 13. desember sl., var höfðað með stefnu áritaðri um birtingu 25. nóvember sl. og þingfestri 28. nóvember sl.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Atli Gíslason.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambandi (sic.) Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildar skiptaverðmætis.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í sama kjarasamningi.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að ágreiningur hafi orðið með aðilum um túlkun á orðalagi greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Faramanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Umrædd grein 1.03. í kjarasamningi aðila er svohljóðandi:

„Um sölu afla innanlands.

Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.

I. Almennt.

Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum . . .“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að fyrirtækið Sæberg hf. hafi kosið að túlka ofangreind ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að til skipta komi aðeins sá hluti af verðmæti afla sem greiddur er með peningum. Þannig byggja stefndi á því að þrátt fyrir að kaupandi afla greiði fyrir hann bæði með peningum og kvóta þá skuli aðeins gert upp gagnvart skipverjum miðað við peningagreiðslur sem inntar eru af hendi í viðskiptum útgerðar og fiskkaupanda. Í þessum viðskiptum sem gjarnan hafa verið nefnd „tonn á móti tonni“ fá útgerðarmaður raunverulega tvenns konar greiðslu fyrir landaðan afla. Annars vegar fá útgerðin peningagreiðslu miðað við magn og hins vegar fá hún kvóta í formi aflamarks þeirrar fisktegundar sem viðskiptin varða. Stefnandi og önnur heildarsamtök sjómanna hafi ítrekað mótmælt þessum uppgjörsháttum bæði gagnvart einstökum fyrirtækjum eins og Sæbergi hf. og við stefnda sem fulltrúa útgerðarmanna. Þann 27. mars 1996 sendi Sjómannasamband Íslands Sæbergi hf. bréf þar sem þess var krafist að gert yrði upp gagnvart sjómönnum á skipi Sæbergs hf. miðað við raunverulegt aflaverðmæti. Svarbréf barst frá stefnda þann 9. apríl 1996. Samkvæmt skilningi stefnda, Landssambands íslenskra útgerðarmanna, teljist það

aflamark, sem greitt var fyrir aflann með, ekki til heildarverðmætis afla í skilningi greinar 1.03. í kjarasamningi aðila. Að mati stefnda feli yfirfærsla aflamarks við kaup á umræddri iðnaðarrækju ekki í sér greiðslu fyrir afla. Orðrétt segir í bréfi stefnda: „Um er að ræða að fiskkaupandinn útvegar útgerð skips og áhöfn viðbótarveiðiheimildir til þess að hægt sé að halda skipinu lengur til veiða en ella. Á móti er fiskkaupandinn eðlilega ekki reiðubúinn til að greiða jafnhátt verð fyrir rækjuafllann, sem hann kaupir eins og hann myndi gera, ef veitt væri alfarið af eigin kvóta viðkomandi skips.“

Mál er varðaði ágreining þennan var þingfest í Félagsdómi þann 8. júlí 1996, mál nr. 10/1996. Krafist var frávísunar málsins af hendi stefnda. Með úrskurði Félagsdóms uppkveðnum 27. sept. 1996 var frávísunarkrafa stefnda tekin til greina. Frávísunin var staðfest með dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996.

Málsástæður og rökstudningur stefnanda.

Stefnandi byggir málsókn sína á því að Sæbergi hf. hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti við félagsmenn stefnanda í samræmi við ákvæði greinar 1.03. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum kjarasamningsins beri útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann. Málsókn þessi byggir á því að við uppgjör aflahlutar hafi Sæberg hf. lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildarskiptaverðmætis. Að mati stefnanda hefur Sæberg hf. brotið gegn kjarasamningum með þessari háttsemi.

Í þessu sambandi er byggt á því af hálfu stefnanda að í tengslum við umrætt tilvik verði að skilja ákvæði kjarasamnings aðila á þann veg að heildargreiðsla fyrir aflann hafi verið í tvennu lagi, annars vegar í formi peningagreiðslu og hins vegar í formi greiðslu með aflamarki. Að mati stefnanda ber að skilja grein 1.03 í samningi aðila á þann veg að útgerðarmaður verði að meta þann hluta aflans, sem greiddur er í öðru en peningum, til peningaverðs og telja þá fjárhæð ásamt peningagreiðslum, sem fyrir aflann koma, til heildaraflaverðmætis í skilningi greinarinnar. Við mat á peningalegu virði aflamarksins beri að miða við almennt gangverð á því aflamarki sem greitt er með á fiskmörkuðum. Að mati stefnanda fela uppgjörshættir Sæbergs hf. í sér að yfirmenn á skipum fyrirtækisins séu í

raun látnir taka þátt í útgerðarkostnaði. Auk þess fái þeir lægra verð fyrir það sem aflað er en útgerðarmaður með þessum uppgjörsháttum.

Sá hluti kjarasamnings aðila sem snýr að hlutaskiptum sé grundvöllur að launakerfi sjómanna. Alkunna sé að laun sjómanna ráðist nær eingöngu af aflaverðmæti því sem skip kemur með að landi. Ljóst sé að verðmæti aflans, í skilningi greinar 1.03 í tilvitnuðum kjarasamningi aðila, geti ekki verið háð einhliða ákvörðun útgerðarmanns enda væri algerlega þýðingarlaust að semja um skiptaprósentu með kjarasamningsgerð ef útgerðarmaður gæti síðan breytt forsendum útreiknings að eigin hentugleika. Sú háttsemi Sæbergs hf. að miða uppgjör launahluta og greiða skipverjum laun miðað við kr. 115 per/kg, þegar fyrirtækið raunverulega hafi selt sama afla fyrir tæplega tvöfalt verð, feli að mati stefnanda í sér brot á kjarasamningi aðila.

Stefnandi leggur áherslu á það að ágreiningur aðila varði mikla almenna hagsmunum félagsmanna sinna.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir kröfu sína um frávísun á 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Telur stefndi að frávísunarúrskurður Félagsdóms í máli nr. 10/1996, sem Hæstiréttur staðfesti, hafi res judicata áhrif á þetta mál, sem nú er stefnt fyrir Félagsdóm. Hér sé því um útkljáð mál að ræða, sem beri af þeim ástæðum að vísa frá dómi.

Á sama hátt og mál nr. 10/1996, þá byggist niðurstaða þessa máls á því, hvernig skýra beri orðið heildarverðmæti afla í 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Vísi bæði gr. 1.02. og gr. 1.03. kjarasamnings aðila í 1. gr. laga nr. 24/1986, en í gr. 1.03., I. Almennt, segir m.a. orðrétt „Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994 um breytingu á lögum nr. 24/1986. . .“

Stefndi áréttar eftirfarandi í þessu sambandi varðandi gr. 1.03.

Í stefnu í máli nr. 10/1996 segi m.a. orðrétt á bls. 3:

„Málsástæður: Stefnandi byggir málssókn sína á því að stefnda hafi verið skylt að gera upp aflaverðmæti og greiða laun í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og ákvæði greinar 1.02., III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar, í kjarasamningi Landssambands ís-

lenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga ber útgerðarmönnum að greiða laun miðað við það heildaraflaverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann.“

Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til tilgreindra ummæla í stefnu og í kærú stefnanda til Hæstaréttar í máli nr. 10/1996.

Þær tilvitnanir sem stefndi vísar til telur stefndi sýna ljóslega að mál nr. 10/1996 og mál nr. 15/1996 sé eitt og sama málið, sama ágreiningsefnið, mál sem stefnandi sé að endurflytja í nánast óbreyttum búningi. Um formhlið þessa máls sé búið að dæma. Hér komi til res judicata áhrif dóma.

Bæði efnisdómar og formdómar hafi res judicata áhrif, sem og dómar og úrskurðir sérdómstóla, svo sem Félagsdóms. Í fyrsta lagi og þriðja lagi, sbr. uppsetningu í stefnu, sé enginn ágreiningur um það að efnisdómur hafi ekki verið kveðinn upp í málinu. Í öðru lagi varði þetta mál lagatúlkun, eins og fyrra málið og um sömu formsatriðin. Þá leggur stefndi áherslu á að tilvitnun stefnanda í Félagsdómsmálið nr. 8/1996 hafi ekkert fordæmisgildi.

Með vísan til 116. gr. eml. nr. 91/1991 krefst stefndi þess að máli þessu verði vísað frá Félagsdómi, enda hafa hvorki atvik eða aðstæður breyst frá fyrra máli aðila nr. 10/1996, en það dómsmál hafi res judicata áhrif á þetta dómsmál.

Mótæli og rökstuðningur stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að frávísunarúrskurður í Félagsdómsmáli nr. 10/1996, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996, hafi ekki res judicata áhrif á sakarefni þessa máls. Í forsendum hins kærða úrskurðar segi að ákvæði kjarasamnings aðila feli eingöngu í sér tilvísun til laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Jafnframt hafi verið vísað til þess að í ágreiningi aðila reyndi á túlkun laganna. Í fyrsta lagi hafi ekki falist efnisdómur í dómi Hæstaréttar þann 15. október 1996. Í öðru lagi geti frávísunardómur aðeins haft res judicata áhrif hvað varðar þá formgalla sem áður voru á málalíbúnaði stefnanda. Slíkir annmarkar séu ekki á þessu máli enda varði málið nú á engan hátt túlkun laga. Jafnvel þó svo að stefndi myndi byggja málsvörn sína að einhverju leyti á greindum lögum eða öðrum myndi slíkt ekki varða frávísun, sbr. Félagsdóm nr. 8/1996. Í þriðja

lagi verði að líta til þess að tilgangur res judicata áhrifa að lögum sé sá að koma í veg fyrir að sama sakarefni verði borið ítrekað undir sama dómstólinn. Sakarefni þessa máls hafi aldrei sætt efnislegri úrlausn Félagsdóms.

Niðurstæða.

Í máli nr. 10/1996, sem reis milli aðila þess máls, sem hér er til úrlausnar, gerði stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

„Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn grein 1.02. og III. kafla greinar 1.03., sbr. I. kafla sömu greinar í kjarasamningi Landsambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.“

Með úrskurði Félagsdóms, sem kveðinn var upp 27. september 1996, var frávísunarkrafa stefnda tekin til greina og málinu vísað frá Félagsdómi á þeim grundvelli, að það ætti ekki undir dómsvald hans samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í forsendum úrskurðarins segir svo:

„Í 1. mgr. greinar 1.02. í kjarasamningi aðila er tekið fram, að um skiptaverðmæti afla fari eftir lögum nr. 24/1986., um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Í I. kafla laganna er kveðið á um heildarverðmæti afla jafnt sem önnur atriði er varða skiptaverðmæti. Ákvæði kjarasamnings aðila felast að þessu leyti eingöngu í tilvísun til laganna. Snýst því ágreiningur aðila máls þessa í reynd um ákvörðun og útreikning á skiptaverðmæti. Við úrlausn á þeim ágreiningi reynir á túlkun laganna nr. 24/1986.

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er verkefni Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af kærnum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með vísan til þess fellur málið ekki undir dómsvald Félagsdóms.“

Með dómi Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 15. október

1996, var frávísunarúrskurður Félagsdóms staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, milli sömu aðila og áttu í því máli, sem hér að framan greinir, eru stefnukröfur orðaðar með sama hætti og í fyrra málinu að undanskildum 1. kröfulið í stefnu. Sá kröfuliður er nú orðaður svo:

„Að stefndi hafi brotið gegn grein 1.03. í kjarasamningi Landsambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambandi (sic.) Íslands hins vegar, með því að hafa lagt til grundvallar rangt aflaverðmæti við tilgreiningu heildar skiptaverðmætis.“

Stefnandi rökstyður nýja kröfugerð sína með því að hann leiti fyrst og fremst dómsúrlausnar um aðferð sem félagsmenn stefnda, þar á meðal stefndi Sæberg hf. viðhafi í svonefndum tonn á móti tonni viðskiptum. Beri nauðsyn til að túlka upphafsákvæði greinar 1.03 í því sambandi, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Yfirmönnum skal tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þeir taka ekki þátt í útgerðarkostnaði.“

Samkvæmt málalíbúnaði stefnanda og gögnum, sem hann hefur lagt fram með stefnu, þykir ljóst, að sama ágreiningsefni varðandi ákvörðun skiptaverðmætis er uppi í máli þessu og hinu fyrra, sem jafnframt er sprottið af sama tilefni.

Eini munur á stefnukröfum í þessu máli og hinu fyrra þykir því felast í skírskotun til þeirra greina kjarasamnings aðila, sem stefnandi telur stefnda hafa brotið gegn. Í stefnu tilgreinir stefnandi þau ákvæði í grein 1.03. í kjarasamningnum, sem hann telur stefnda hafa brotið gegn. Er það upphafsákvæði greinarinnar og 1. mgr. I. kafla hennar að slepptri tilvísun til 1. gr. laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994, er jök ákvæði við fyrstnefndu lagagreinina.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að kjarninn í kröfugerð stefnanda sé nú, að dæmt verði, að stefndi hafi brotið gegn þeim ákvæðum kjarasamnings aðila, sem mæla fyrir um, að félagsmönnum stefnanda skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut og þeir taki ekki þátt í útgerðarkostnaði.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að þar sem mál þetta sé

rekið milli sömu aðila með sömu kröfum, málsástæðum og gögnum og mál nr. 10/1996, er lauk eins og að framan segir með frávísunarúrskurði Félagsdóms 27. september 1996, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 15. október 1996, beri vegna neikvæðra réttaráhrifa þess dóms (res judicata réttarverkana) að vísa málinu frá, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í 116. gr. laga nr. 91/1991 er kveðið á um að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Dómar um formhlið máls eru aðeins bindandi varðandi þær dómkröfur sem þar eru til umfjöllunar. Aðili getur lagt sama sakaratriði fyrir sama dómstól, ef bætt er úr göllum þeim er frávísun vörðuðu og hefur frávísunarúrskurður eigi slíka neikvæða verkun sem efnisdómur.

Pegar stefnukrafa í máli þessu er virt samkvæmt framansögðu, þykir sá munur vera á henni og kröfugerð stefnanda í málinu nr. 10/1996, að ekki geti talist vera að öllu leyti um sömu kröfu að ræða, enda lítur dómurinn svo á að í þessu máli sé eingöngu til umfjöllunar upphafsákvæði greinar 1.03. og 1. mgr. kafla I í sömu grein kjarasamnings aðila. Með vísan til þessa og þar sem beita skal þröngri skýringu um neikvæð réttaráhrif dóma og úrskurða, þykir ekki eiga að vísa málinu frá á þeim grundvelli að bindandi úrlausn liggji fyrir. Að þessu virtu og þar sem krafa stefnanda varðar sjálfstæð ákvæði kjarasamnings aðila er frávísunarkröfu stefnda hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda, Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., er hafnað.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dómur Hæstaréttar 30. janúar 1997.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1996. Kærður er úrskurður Félagsdóms 18. desember sl., sem barst réttinum 7. janúar sl., um að hafna frávísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá Félagsdómi og sér dæmdur málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, byggir sóknaraðili kröfu sína um frávísun á 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Telur hann, að frávísunarúrskurður Félagsdóms í máli nr. 10/1996, sem Hæstiréttur staðfesti með dómi sínum 15. október 1996, hafi res judicata áhrif á mál það, sem hér er til úrlausnar. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 91/1991 er dómur bindandi um úrslit sakarfnis milli aðila um þær kröfur, sem þar eru dæmdar að efni til. Fallist er á þá niðurstöðu Félagsdóms, að unnt sé að leggja sama sakarfnis undir sama dómstól, ef bætt er úr þeim atriðum, sem frávísun vörðuðu.

Pótt ágreiningsefnið sé hið sama í máli þessu og var í fyrrgreindu máli Félagsdóms nr. 10/1996, er kröfugerð þessa máls með öðrum og markvissari hætti en var í fyrra málinu. Varnaraðili krefst þess, að dæmt verði um það, hvort sóknaraðili hafi brotið gegn grein 1.03 í kjarasamningi aðila. Krafa þess efnis verður borin undir Félagsdóm. Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Landssamband íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., greiði varnaraðila, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, 40.000 krónur í kærumálskostnað.